

## Lög Mótorhjóla- og Snjósleðaiþróttasambands Íslands

### 1. grein

Heiti sambandsins er Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasamband Íslands, skammstafað MSÍ, og er æðsti aðili um öll mál mótorhjóla- og snjósleðaiþróttanna innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ). Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasamband Íslands er aðili að Alþjóða vélhjólaiþróttasambandinu – FIM. Aðsetur sambandsins og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. grein

Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasamband Íslands er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga. Öll héraðssambönd og íþróttabandalög ÍSÍ, sem hafa innan sinna vébanda félög er iðka, æfa og keppa í mótorhjóla- og snjósleðaiþróttum, geta orðið aðilar að Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambandi Íslands.

### 3. grein

Hlutverk Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands er í meginatriðum eftirfarandi:

- a) Að vinna að stofnun nýrra sérráða og efla á annan hátt mótorhjóla- og snjósleðaiþróttir í landinu.
- b) Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara, ráðstafa landsmótum og staðfesta met.
- c) Að vera fulltrúi mótorhjóla- og snjósleðaiþróttanna gagnvart öðrum þjóðum og sjá um að reglur varðandi íþróttina séu í samræmi við alþjóðareglur.
- d) Að standa vörð um stöðu mótorhjóla- og snjósleðaiþróttanna sem almenningsíþrótt og efla umhverfisvitund iðkenda.
- e) Að efla iðkun mótorhjóla- og snjósleðaiþróttanna.

### 4. grein

Málefnum Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands er stjórnað af:

- a) Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttapingi.
- b) Stjórn Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambandsins.
- c) Fastanefndum, skipuðum af MSÍ, sem vinna samkvæmt lögum og reglugerðum mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambandsins.

#### 4.1

Fastanefndir starfa í umboði stjórnar MSÍ skv. lögum og reglugerðum sambandsins. Stjórn MSÍ skal setja fastanefndum nauðsynlegar starfsreglur. Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag.

#### 4.2

Formaður fastanefndar skal vera stjórnarmaður MSÍ, kjörinn varafulltrúi í stjórn eða skipaður af stjórn, en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Formaður boðar til funda og stýrir þeim.

### 4.3

Hlutverk fastanefnda MSÍ er að halda utan um málaflokkinn, tryggja utanumhald um reglur, framgang móta og samantektir úrslita fyrir stjórn. Fastanefndir skulu upplýsa stjórn um gang mála og tryggja að upplýsingar um úrslit og stöðu í íslandsmótum berist til stjórnar eigi síður en viku eftir lok keppni innan mótaráðar.

Innan MSÍ starfa eftirtaldar fastanefndir:

- a) Afreksnefnd
- b) Enduro nefnd
- c) Hringakrstursnefnd
- d) Motocross nefnd
- e) Snocross nefnd
- f) Spyrnunefnd

### 5. grein

Reikningsár Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands hefst 1. janúar ár hvert og líkur 31. desember sama ár.

### 6. grein

Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttaping fer með æðsta vald í málefnum sambandsins og skal það haldið árlega, um mánaðarmótin febrúar/mars. Þingið sitja fulltrúar frá þeim íþróttabandalögum og héraðssamböndum sem mynda sambandið.

Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra mótorhjóla- og snjósleðaiþróttaiðkenda, þannig að fyrir allt að 25 iðkendur koma 2 fulltrúar og síðan 1 fyrir hverja 25 eða brot úr 25, allt að 100 iðkendum og þá 1 fulltrúi fyrir hverja 50 iðkendur þar fram yfir.

Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttaping skal boðað með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda héraðssamböndum og íþróttabandalögum.

Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu skulu berast stjórn Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands minnst 3 vikum fyrir þing. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið skal senda sambandsaðilum skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Þingið getur þó tekið fyrir mál, borin upp með styttri fyrirvara, að fengnu samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa.

Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttaping er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað.

### 7. grein

Á Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttapingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á þinginu, með málfrelsi og tillögurétt hafa:

- a) Stjórn Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands
- b) Heiðursformaður og heiðursfélagar
- c) Framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri ÍSÍ
- d) Fastráðnir starfsmenn Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands
- f) Allir nefndarmenn Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands

Auk þess getur stjórn Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

Allir fulltrúar skulu tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal skila kjörbréfum við upphaf þinghalds. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði en getur auk þess farið með annað atkvæði, samkvæmt skriflegu umboði þess sambandsaðila sem að hann er fulltrúi fyrir.

Við afgreiðslu almennra mála, og í kosningum, ræður einfaldur meirihluti atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa, en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta sömu fulltrúa.

## 8. grein

Dagskrá Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttapings skal vera eftirfarandi:

1. Þingsetning.
2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
3. Kosning þingforseta.
4. Kosning þingritara.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar sambandsins lagðir fram.
7. Umræður og samþykkt reikninga.
8. Ávarp gesta.
9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram.
10. Lagabreytingatillögur.
11. Aðrar tillögur sem kynntar hafa verið í fundarboði.
12. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.
13. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingatillögur og framkomin mál.
14. Kosningar:
  - a) Stjórn og varastjórn, sbr. 10. grein.
  - b) 2 skoðunarmenn reikninga.
  - c) Fulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ, skv. lögum ÍSÍ, á því ári sem Íþróttaping ÍSÍ fer fram.
  - d) Kosning dómenda dómstóls MSÍ, samkvæmt kafla 4 í lögum ÍSÍ, um dómstóla ÍSÍ, eftir því sem við á.
15. Þingslit.

Allar kosningar skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal.

## 9. grein

Halda má aukaping ef nauðsyn krefur eða ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningarfræstur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Kjósa má að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera lagabreytingar. Að öðru leyti gilda um aukaping sömu reglur og um reglulegt mótorhjóla- og snjósleðaiþróttaping.

## 10. grein

Stjórn Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands skal skipuð 5 einstaklingum (Formaður og fjórir stjórnarmenn). Kjósa skal bundinni kosningu, fyrst formann og síðan aðra stjórnarmenn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Á hverju ársþingi skal kjósa formann og 2 stjórnarmenn. Kjósa skal 3 menn í varastjórn Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands á hverju ársþingi. Formaður getur að hámarki setið fjögur kjörtímabil samfelt í senn. Stjórn MSÍ skal funda reglulega og halda fundargerðir, þær skulu sendar formönnum aðildarféлага. Stjórn skal gæta þess að halda sem bestu og virkustu sambandi við formenn aðildarféлага og gefa þeim kost á álitsgjöf í aðdraganda breytinga á leikreglum og reglugerðum.

## 11. grein

Helstu störf stjórnar Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands eru:

- a) Að framkvæma ályktanir og samþykktir þinga sambandsins.
  - b) Að annast rekstur sambandsins.
  - c) Að vinna að eflingu mótorhjóla- og snjósleðaiþróttanna.
  - d) Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir mótorhjóla- og snjósleðaiþróttir.
  - e) Að sjá um að farið sé eftir viðurkenndum reglum, lögum sambandsins og fyrirmælum mótorhjóla- og snjósleðaiþróttapings.
  - f) Að ákveða stund og stað fyrir mótorhjóla- og snjósleðaiþróttaping.
  - g) Að ráða niður og ákveða stað og stund fyrir landsmót í samráði við stjórnir héraðssambanda og íþróttabandalaga (sérráða).
  - h) Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
  - i) Að koma fram erlendis fyrir hönd mótorhjóla- og snjósleðaiþróttanna á Íslandi.
- Stjórn Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands er heimilt að ráða launað starfsfólk.

## 12. grein

Ársskýrslur, ársreikningar og félagatöl sambandsaðila Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands, ásamt uppfærðum upplýsingum um stjórnarmeðlimi sambandsaðila, skulu berast á rafrænu formi til sambandsins að loknum aðalfundi sambandsaðila.

## 13. grein.

Stjórn Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands skal á haustmánuðum í lok keppnistímabils, ekki síðar en í nóvember, boða til fundar með formönnum þeirra féлага sem aðild eiga að sambandinu.

Hlutverk formannafunda er að staðfesta leikreglur, reglugerðir og vera stjórn Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands á annan hátt til ráðgjafar fyrir komandi keppnistímabil. Á dagskrá formannafundar skal í það minnsta vera: 1. skýrsla stjórnar, 2. skýrslur allrar ráða og nefnda, 3. staðfesting keppnisdagatals næsta árs, 4. umræður um afreksstefnu MSÍ, 5. önnur mál.

## 14. grein

Stjórn Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands skal hafa frjálsan aðgang að



öllum íþróttamótum sem fara fram innan vébanda sambandsins.

#### 15. grein

Sambandsaðilar skulu tilkynna stjórn Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands um aðalfundi sína og skal einn fulltrúi MSÍ eiga seturétt á aðalfundi sambandsaðila.

#### 16. grein

Félagaskipti skulu fara fram í samræmi við Móta- og keppendareglur ÍSÍ.

#### 17. grein

Um öll ágreiningsmál er upp kunna að koma innan íþróttarinnar skal farið með samkvæmt reglum MSÍ um dómstól sambandsins og samkvæmt kafla 4 í lögum ÍSÍ, um dómstóla ÍSÍ, eftir því sem við á.

#### 18. grein

Merki Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands sýnir skammstöfunina MSÍ í fánalitunum. Punkturinn yfir í-ið í MSÍ er markfáni.

#### 19. grein

Heiðursfélaga Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands má kjósa á þingi sambandsins. Heiðursfélagar Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands hafa rétt til setu á þingum sambandsins með málfrelsi og tillögurétt.

#### 20. grein

Heiðursformann Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands má kjósa á þingi sambandsins, ef 4/5 mættra þingfulltrúa samþykkja kjörið. Heiðursformaður Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambands Íslands kemur fram fyrir hönd sambandsins þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela honum það.

#### 21. grein

Tillögur um að leggja Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasamband Íslands niður, má aðeins taka fyrir á lögmætu mótorhjóla- og snjósleðaiþróttapiingi. Til þess að samþykkja slíka tillögu þarf minnst  $\frac{3}{4}$  hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasamband Íslands niður.

#### 22. grein

Sé Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasambandi Íslands þannig löglega slitið, skal afhenda ÍSÍ eignir þess til varðveislu.

#### 23. grein

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau.

**Með áorðnum breytingum, samþykktum 4. mars 2023.**